

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 3. maí 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Íslensk málstefna

Sjá fg. stj. 4/2021. Rætt var um áframhaldandi vinnu við íslenska málstefnu. Á fundi fullskipaðrar málnefndar 15. apríl komu fram ýmsar athugasemdir til viðbótar við þær sem þegar höfðu borist og að auki bárust athugasemdir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ljóst er að talsverð vinna verður við að fara yfir athugasemdirnar og ganga endanlega frá málstefnunni. Samþykkt var að fela Steinunni Stefánsdóttur verkið.

### 2. Önnur mál

#### a. Aðalfundur Málræktarsjóðs

Aðalfundur Málræktarsjóðs verður haldinn föstudaginn 4. júní kl. 15:30. Fundarstaður er enn óákveðinn. Gert er ráð fyrir að aðalmenn í Íslenskri málnefnd sækji fundinn.

#### b. Tungumálayfirlýsingin – Málstefna Norðurlanda

Málþing verður haldið í Finnlandi 16. september í tilefni af 15 ára afmæli tungumálayfirlýsingarinnar. Samhliða verður fundur á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur það hlutverk að fara yfir tungumálayfirlýsinguna og mögulega leggja til breytingar á henni.

#### c. Nýtt netfang fyrir Íslenska málnefnd

Íslensk málnefnd hefur fengið netfangið [malnefnd@islenskan.is](mailto:malnefnd@islenskan.is).

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:20

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.